



FUNDARGERÐ 40. ÁRSPINGS

*sem haldið var á Hótel Örk, Hveragerði
27. og 28. október 1989*

40. Ársþing Landssambands hestamannafélaga 1989.

40. Ársþing L.H. var sett og haldið á Hótel Örk, Hveragerði föstudaginn 27. okt. 1989.

Formaður L.H. Kári Arnórsson setti þing og bauð fundarmenn velkomna svo og gesti þingsins. Í ávarpi sínu kom hann víða við og gat þess að allar líkur væru á því að sættir væru nú að takast í svokallaðri "Eyfirðingadeilu". Hefði stjórn L.H. og fulltrúar félaganna við Eyjafjörð undirritað samkomulag þess efnis í síðustu viku og yrði það lagt fyrir þingið.

Þá minntist formaður látinna félaga þeirra:

Jóns Pálssonar dýralæknis á Selfossi,
Þorgeirs Jónssonar bónda í Gufunesi,
Guðmundar Agnarssonar bifstjóra Reykjavíkur,
Sigfúsar Pálssonar bónda Stórulágs,
og Ragnars Magnússonar endurskoðanda Reykjavíkur.

Risu þingfulltrúar úr sætum í virðingarskyni við hina látnu.

Sigurður Hallmarsson flutti erindi í tilefni 40 ára afmælis L.H. Rakti hann þar m.a. forsögu þess að L.H. var stofnað og sögu þess til þessa dags.

Formaður þakkaði Sigurði fyrir gott erindi.

Í tilefni 40 ára afmælis L.H. voru eftirtaldir menn sæmdir gullmerki L.H.:

Steinþór Gestsson frv. alpm. Hæli.
Páll A. Pálsson frv. yfirdýralæknir Reykjavíkur
Sigurður Haraldsson bóndi Kirkjubæ
Þorkell Bjarnason hrossar.ráðun. Laugarvatni.

Allir þessir menn tóku til máls og þökkuðu auðsýndan heiður sem þeim væri sýndur.

Þá var komið að ávörpum gesta.

1. Jónas Jónsson búnaðarmálastjóri flutti kveðjur B.Í. til L.H. Ræddi hann um samstarf þessara félaga sem verið hefur mikið og gott. Ræddi hann einnig um það hlutverk hestsins að tengja saman sveitir og þéttbýli. Árnaði hann L.H. allra heilla í framtíðinni.
2. Sveinn Björnsson forseti Í.S.Í. talaði næstur. Lýsti hann ánægju sinni með það að fá tækifæri til að vera á þingi L.H. og flutti kveðjur Í.S.Í. Ræddi hann um nýstofnað sérsamband hestaíþróttamanna (H.Í.S.) og árnaði L.H. allra heilla.

3. Sveinn Hallgrímsson skólastjóri Hvanneyri talaði næstur. Flutti hann þinginu kveðjur Bændaskólans á Hvanneyri og lýsti því sem þar er að gerast í sambandi við hrossarækt og hestamennsku. Eins og aðrir árnaði hann L.H. allra heilla á komandi árum.

Formaður L.H. gat þess að landbúnaðarráðherra myndi ávarpa þingið síðar um daginn. Að loknum ávörpum gesta var matarhlé.

Að því loknu var þingi fram haldið. Formaður kjörbréfa-nefndar Kristmundur Halldórsson flutti skýrslu nefndarinnar. Rétt til setu á þinginu eiga 109 félagar frá 44 félögum, en kjörbréf hafa borist frá 40 félögum, þar sem tilnefndir eru 104 þingfulltrúar.

Las formaður upp nöfn réttkjörinna þingfulltrúa og risu þeir úr sætum til kynningar.

Eftirtaldir fulltrúar sátu þingið.:

Frá Andvara, Garðabæ:

Elísabet Þórólfsdóttir, Jón Guðmundsson.

Frá Blakk, Strandasýslu:

Guðbrandur Björnsson.

Frá Blæ, Norðfirði og Eskifirði:

Þóra Sólveig Jónsdóttir.

Frá Dreyra, Akranesi og nágrenni:

Kristján H. Baldursson, Hjörleifur Jónsson.

Frá Faxe, Borgarfirði:

Guðrún Fjeldsted, Guðmundur Sigurðsson, Ólöf Guðbrandsd.

Frá Fáki, Reykjavík:

Birgir R. Gunnarsson, Kári Arnórsson, Sigurbjörn Bárðarson Kristbjörg Eyvindsdóttir, Viðar Halldórsson, Katrín Stella Bríem, Guðlaug Steingrímsdóttir, Ólafur Þorsteinsson, Gunnar M. Arnason, Guðbrandur Kjartansson, Kristján Gunnlaugsson, Stefán Pálsson, Gísli B. Björnsson, Ragnar Tómasson, Hákon Bjarnason.

Frá Feyki, Öxarfirði:

Guðmundur Theódórsson.

Frá Freyfaxa, Fljótsdalshéraði:

Guðmundur Þorleifsson, Jón Bergsson, Jóhanna Kristjánsdóttir

Frá Geisla, Breiðdalsvík og nágrenni:

Pétur Behrens.

Frá Geysi, Rangárvallasýslu:

Árni Jóhannsson, Valmundur Gíslason, Kristinn Guðnason, Eggert Pálsson, Bergur Pálsson.

Frá Glað, Dalasýslu:

Marteinn Valdimarsson, Kristján Gíslason.

Frá Glófaxes, Vopnafirði:

Brynhildur Arthúrsdóttir.

Frá Glæsi, Siglufirði:

Hreinn Júlíusson.

Frá Gnýfara, Ólafsfirði:

Andrés Kristinsson.

Frá Grana, Húsavík:

Stefán Haraldsson.

Frá Gusti, Kópavogi:

Bjarni Sigurðsson, Hulda Gústafsdóttir, Kristmundur Halldórsson, Hreinn Árnason, Björn Sigurðsson.

Frá Háfeta, Þorlákshöfn:

Dagbjartur Sveinsson, Katrín Stefánsdóttir.

Frá Hendingu, Ísafirði:

Marinó Hákonarson.

Frá Herði, Mosfellsbæ og Kjósarsýslu:

Bjarni Mathiesen, Sigríður Johnsen, Þórður Axelsson, Guðmundur Hauksson, Leifur Jóhannesson.

Frá Hornfirðingi:

Svanur Guðmundsson, Gunnar Sighvatsson.

Frá Kinnskæ, A-Barðastrandasýslu:

Ingi Garðar Sigurðsson.

Frá Léttfeta, Sauðárkróki.:

Sveinn Guðmundsson, Friðrik Guðmundsson.

Frá Ljúfi, Hveragerði og Ölfusi:

Guðmundur Ingvarsson, Gísli Rúnar Sveinsson.

Frá Loga, Biskupstungum Árn.:

Ólafur Einarsson, Kristinn Antonsson.

Frá Mána, Keflavík og Suðurnesjum:

Guðmundur Jónsson, Jón Þórðarson, Maríus Gunnarsson.

Frá Neista, Blönduósi og nágr.:

Sigríður Hermannsdóttir, Ragnar Ingi Tómasson.

Frá Óðni, A-Húnavatnssýslu:

Einar Höskuldsson.

Frá Sindra, Mýrdal og Eyjafjallasveit:

Albert Jóhannsson, Guðlaugur V. Antonsson.

Frá Sleipni, Selfossi og nágr.:

Steingrímur Viktorsson, Þórir Steindórsson, Einar Hermundsson, Margrét K.E. Lilliendahl.

Frá Smára, Hreppum, Árn.:

Sigurður P. Ásólfsson, Jón Hermannsson, Sigfús Guðmundsson, Haraldur Sveinsson.

Frá Snæfaxa, Þistilfirði:

Skúli Ragnarsson.

Frá Snæfellingi:

Högni Bæringsson, Tryggvi Gunnarsson, Ágúst Sigurðsson.

Frá Stíganda, Skagafirði:

Grétar Geirsson, Sigurður Ingimarsson, Björn Sveinsson.

Frá Stormi, Vestfjörðum:

Bragi Björgmundsson, Þorkell Þórðarson.

Frá Svaða, Hofsósi og nágr.:

Símon Ingi Gestsson, Gísli Sverrir Halldórsson.

Frá Sörla, Hafnarfirði:

Pjetur N. Pjetursson, Elsa Magnúsdóttir, Jón P. Ólafsson, Sævar Leifsson, Ágúst V. Oddsson.

Frá Trausta, Grímsnesi og Laugardal:

Elín Lára Sigurðardóttir, Margrét Þórarinsdóttir, Sigurður Gunnarsson.

Frá Þjálf, S-Þingeyjarsýslu:

Kolbrún Úlfisdóttir, Arnar Andrésson.

Frá Þyt, V-Húnavatnssýslu:

Guðmundur Sigurðsson, Eggert Pálsson.

Frá Félagi tanníngarmanna:

Benedikt Þorbjörnsson, Erling Sigurðsson.

Frá Dómarafélagi L.H. (án atkv.réttar):

Jóhann Þorsteinsson.

Kjörbréf voru því næst borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Formaður Harðar, Bjarni Mathiesen tók til máls. Færði hann L.H. að gjöf "hestastein" áletraðan í tilefni 40 ára afmælis. Formaður L.H. þakkaði gjöfina.

Formaður las upp tillögu um þingforseta þá Jón Hólm Stefánsson hmf. Ljúfi og Einar Sigurðsson frá Háfeta. Samþ. samhljóða. Þingforseti Jón Hólm Stefánsson tók nú við stjórn fundarins.

Bar hann undir þingheim tillögu stjórnar um ritara
þau: Kristján Gíslason, hestam.fél. Glað
Sigríði Hermannsd. - Neista
Sigríði Johnsen, - Herði
Kolbrúnu Úlfisdóttir, - Þjálfar
og Árna Jóhannsson, - Geysi.

Var tillagan samþykkt samhljóða.

Þá gaf þingforseti formanni L.H. Kára Arnórssyni orðið
og flutti hann skýrslu stjórnar.

Skýrsla stjórnar.

Á starfsárinu voru haldnir 9 stjórnarfundir. Hjá L.H.
starfa tveir fastráðnir starfsmenn, þau Hjalti Pálsson
framkvæmdastjóri og Ingibjörg Magnúsdóttir. Aðsetur
L.H. er í Bændahöllinni.

Tillögur og ályktanir síðasta ársþings.

Haldið hefur verið áfram athugun á útgáfu fræðsluefnis
í samvinnu við bændaskólana og verður því fram haldið.
Gengið hefur verið frá samningi við útgáfufyrirtækið
Bergvík um endurvinnslu og útgáfu á gömlum myndum.

Unglingastarfið.

Unglingafulltrúi L.H. var Kolbrún Kristjánsdóttir og var
starfið fjölbreytt og giftudrjúgt.

Álit mótanefndar:

Til mótanefndar var vísað erindi frá síðasta þingi, er
varðar rétt til töku á kvikmyndum á filmur og myndbönd.
Það er álit mótanefndar og stjórnar L.H. að erfitt sé
að setja um þetta fastar reglur, sem banni t.d. mynda-
tökur. Hins vegar hafi yfirstjórnir lands- og fjórðungs-
móta einar rétt til fjölföldunar og sölu slíkra mynda
en þær geta að sjálfsögðu framselt þann rétt.

Ferðamál.

Leitað hefur verið samráðs við Náttúruverndarráð varðandi
fjölförnustu ferðamannaleiðir. Í haust kom út bók, sem
ber nafnið "Reiðleiðir á Íslandi", og tekur yfir mið-
vesturland og mið-Ísland. Ólafur B. Schram formaður
ferðanefndar hefur tekið þessar upplýsingar saman og
kostað útgáfuna og á hann miklar þakkar skildar.

Útgáfumál.

L.H. gefur út tímaritið "Hesturinn okkar" og kom hann
út í 6 tölublöðum á s.l. ári. Ritstjóri er Jens Einars-
son. Eins kemur út óreglulega fréttabréfið "Með jóreyknum".
Áfram hefur verið haldið að safna efni í Áfanga og eru
væntanlegar tvær bækur á næsta ári, þ.e. um svæðin frá
Þjórsá og austur að Kirkjubæjarklaustri og um Snæfellsnes
og Dali.

Ný hestamannafélög.

Tvö hestamannafélög hafa sótt um inngöngu í L.H. Eru það hestamannafélagið Sóti á Álftanesi og hestamannafélagið Skuggi í Borgarnesi. Öðlast þessi félög inngöngu í L.H. um áramót að fullnægðum tilteknum formsatriðum.

Mótadagar félaganna:

Sífelld erfiðara verður að skipa þannig mótadögum að ekki valdi árekstrum. Ljóst er að þrjú mót verða að hafa sérstöðu þ.e. landsmót, fjórðungsmót og Íslandsmót í hestaíþróttum.

Reiðvegafé.

Reiðveganefnd hafði til úthlutunar 3 milljónir og runnur þær til félaga á Austurlandi.

Áningahólf L.H.

Mikil umferð hestamanna var á Skógarhólum í sumar. Er þar komin ágætis aðstaða. Vörslumaður var í sumar Hafliði Gíslason.

Áningahólfasjóður.

L.h. veitti hestamannafélagunum Svaða, Glæsi og Gnýfara 50 þús. kr. styrk til að koma upp áningarhólfi í Fljótum. L.H. setti upp áningarhólf í Víðikeri á Uxahryggjaleið í sumar.

Reiðhallarmál.

Miklir fjárhagserfiðleikar einkenndu rekstur Reiðhallarinnar á s.l. ári. Eftir að ýmsar leiðir höfðu verið reyndar, til bjargar, án árangurs var óskað gjaldþrotaskipta og keypti framleiðnisjóður eignina á uppboði nú í október á 70 millj. kr.

Reiðskólinn.

Rekstur hans gekk ekki vel og var rekstri hans hætt 10. apríl.

Náttúruvernd og skógreiðardagar.

Stjórnin hefur unnið í því að vekja hestamenn til umhugsunar um góða umgengni um landið. Stjórnin kynnti hugmynd um "Skógreiðardag", framkvæmdu nokkur félög hugmyndina þrátt fyrir að illa voraði.

Ýmis mál.

Haldinn var árangurslaus fundur með fulltrúum eyfirsku hestamannafélaganna um sættir og inngöngu félaganna í L.H. 15. apríl s.l.

Annar fundur var haldinn 25. október og lyktaði honum þannig að undirritaður var samningur sem leggja skyldi fyrir þing L.H.

Samningurinn er svohljóðandi:

1. Skipuð verði 5 manna nefnd til að endurskoða skipulag Landssambandsins. Endurskoðunin taki tillit til breyttra aðstæðna varðandi Hestaíþróttasamband Íslands, breytinga á búfjárræktarlögum og samstarfs heima í fjórðungunum.
2. Skipuð verði 5 manna nefnd sem starfi milli þinga. Nefndin hafi það hlutverk að skoða framtíðar skipulag stórmóta. Þar verði m.a. fjallað um tillögur Eyfirðinga þar að lútandi svo og aðrar þær tillögur sem fram hafa komið eða kynnu að koma fram. Nefnd þessi skili tillögum sínum til næsta ársþings L.H.

Nefndir þessar skulu skipaðar strax að loknu ársþingi og hefja þá störf. Fyrstu tillögur þeirra eða hugmyndir skulu liggja fyrir eigi síðar en í lok janúar 1990. Verði þær þá kynntar stjórn L.H. og eyfirsku félögunum.

3. Við úthlutun reiðvegafjár 1990 mun stjórn og væntanleg úthlutunarnefnd reiðvegafjár tryggja að hestamannafélögin í Eyjafirði fái réttlátan hlut verði félögin orðin aðilar að L.H.

Stjórn L.H. samþykkir að leggja áðurgreindar tillögur fyrir ársþing L.H. 1989. Hljóti þær samþykki þingsins skuldbinda stjórnir eyfirsku félaganna sig til að leggja tillögu um inngöngu í L.H. fyrir næstu aðalfundi. Verði tillaga um inngöngu samþykkt öðlast félögin full réttindi innan Landssambands hestamannafélaga frá 1. janúar 1990.

Helstu viðburðir ársins.

Hestaíþróttasamband Íslands var stofnað 16. maí.

Íslandsmót í hestaíþróttum var haldið í Borgarnesi 21.-23. júlí.

Evrópumót í hestaíþróttum var haldið í Vilhelmsborg í Danmörku 16.-20. ágúst. Tóku sjö keppendur frá Íslandi þátt í því.

Landsmót 1990.

Undirbúningur fyrir landsmót hestamanna er nú í fullum gangi. Mótið verður haldið á Vindheimamelum í Skagafirði 3. - 8. júlí n.k. Formaður framkvæmdanefndar er Sveinn Guðmundsson.

Að lokinni skýrslu stjórnar flutti landbúnaðarráðherra Steingrímur J. Sigfússon ávarp.

Óskaði hann L.H. til hamingju með afmælið. Hann ræddi mikilvægi hestsins m.a. bæði innan og utanlands. Sagði hann frá för sinni til Þýskalands þar sem honum var m.a. boðið að skoða íslenska hesta.

Steingrímur fagnaði því að í sjónmáli væru settir milli L.H. og eyfirsku hestamannafélaganna. Lýsti hann ánægju sinni með inngöngu íþróttadeildanna í Í.S.Í. og stofnun sérstaks sambands. Óskaði hann síðan öllum hestamönnum velfarnaðar.

Þá gaf þingforseti Gunnari B. Gunnarssyni gjaldkera L.H. orðið og lagði hann fram reikninga L.H. fyrir árið 1988. Er fjárhagur L.H. góður.

Formaður gaf orðið laust um skýrslu stjórnar og reikninga. Fyrstur tók til máls Leifur Jóhannesson. Fjallaði hann um samkomulagsdrögin milli L.H. og Eyfirðinga og minntist aðeins á forsögu þess máls. Einnig ræddi hann málefni Reiðhallarinnar. Þá talaði Ragnar Tómasson. Gagnrýndi hann fyrsta ræðumann fyrir að ræða um forsögu deilnanna milli L.H. og Eyfirðinga að þeim fjarstöddum. Vonaðist hann til þess að hestamenn hittust sameinaðir á næsta landsmóti. Þá töluðu Birgir Gunnarsson og Pétur Behrens. Allir sem til máls tóku, þökkðu greinargóða skýrslu stjórnar. Að loknum umræðum voru reikningar L.H. bornir undir atkvæði og samþ. samhljóða.

Þá voru reikningar Hestsins okkar bornir undir atkvæði og samþ. samhljóða.

Þingforseti las þessu næst upp samkomulagið við Eyfirðinga og var það samþykkt samhljóða.

Þá kynnti þingforseti tillögu stjórnar um nefndir og formenn þeirra.

Fræðslunefnd:	Guðrún Fjeldsted.
Allsherjarnefnd:	Stefán Pálsson.
Laganefnd:	Ragnar Tómasson.
Ferðanefnd:	Björn Sigurðsson.
Fjárhagsnefnd:	Steingrímur Viktorsson.
Mótanefnd:	Sigfús Guðmundsson.
Kynbótanefnd:	Haraldur Sveinsson.
Gæðinga og unglingan:	Jóhann Þorsteinsson.

Þá var málum vísað til nefnda.

Þingskjal nr. 2 til fjárhagsnefndar, flutt af stjórn L.H. "40 Ársþing L.H. haldið að Hótel Örk í Hveragerði 27. og 28. október 1989 samþykkir eftirfarandi tillögu að fjárhagsáætlun L.H. fyrir árið 1990.

Tekjur:

1. Árgjöld félaga				
16 ára og yngri	448 á 350	156.800		
17-69 ára	5.706 á 700	3.994.200		
70 ára og eldri	340 á 0	0		4.151.000
2. Styrkir			100.000	
3. Útgáfustarfsemi og aðrar tekjur			200.000	
	Kr:		4.451.000	
	=====			

Gjöld:

1. Laun og launatengd gjöld	1.700.000
2. Húsaleiga og skrifstofukostn.	950.000
3. Þinghald og fundir	380.000
4. Akstur og ferðakostn.	250.000
5. Æskulýðsstarf	450.000
6. Dómaranámssk. og fræðsla	200.000
7. Kostnaður v/áningahólfa	70.000
8. Vaxtagjöld umfr. tekjur	100.000
9. Afskriftir	130.000
10. Ýmislegt ófyrirséð.	221.000
	Kr: 4.451.000
	=====

Þingskjal no. 3 til fræðslu og útgáfunefndar, flutt af hestamannafélaginu Faxe.

"40 Landsping L.H. haldið í Hveragerði 27.-28. okt. '89 beinir því til stjórnar L.H. að útbúið verði samræmt tölvuforrit fyrir gæðinga og unglingadóma, sem hægt verði að nota fyrir einstök hestamannafélög".

Þingskjal no. 4 til allsherjarnefndar. Flutt af hestamannafélaginu Faki.

"40 Ársping L.H. 1989 samþykkir að beina því til Dómsmálaráðuneytis að sett verði lög um hrossaflutninga og aðbúnað hrossa í flutningi. Útbúinn verði staðall um útbúnað og gerð þeirra flutningavagna og bifreiða sem notuð eru til hrossaflutninga. Héraðsdýralæknum verði síðan falið að ganga úr skugga um það hvort skilyrðum sé fylgt, og sé staðfesting þess efnis færð í skoðunarvottorð".

Þingskjal no. 5 til gæðinga og unglinganefndar. Flytjandi er hestamannafélagið Fákur.

"Árspingið samþykkir að sú tilhögun verði á við niðurröðun keppenda í A og B flokki gæðinga og í unglingaflokkum, á lands- og fjórðungsmótum að fyrst sé dregið um þau sæti sem hverju félagi ber. Félagið tilkynnir síðan framkvæmdanefnd viðkomandi móts hvaða keppendur skipi hvert sæti".

Dingskjal no. 6 til kynbótanefndar, frá hestamannafélaginu Fáki.

"Árspangið leggur til við Búnaðarfélag Íslands að það beiti sér fyrir því að eigendur þeirra hryssna sem ekki fyljast fá endurgreiddan helming folatollsins".

Dingskjal no. 7 til allsherjarnefndar. Frá Fáki.

"Árspangið leggur ríka áherslu á að ríki og sveitarfélög styðji með sama hætti við byggingu íþróttamannvirkja hestamannafélaga og annarra íþróttafélaga í landinu".

Dingskjal no. 8 til ferðanefndar, frá Fáki.

"Árspangið skorar á sveitarfélög að hlutast til um að tryggt verði nægjanlegt beitiland fyrir hross í næsta nágrenni hverrar byggðar".

Dingskjal no. 9 til mótanefndar frá hestamannafélaginu Geisla.

"Árspaning L.H. 1989 samþykkir eftirfarandi:
Stjórnir hestamannafélaga og hestamótin hafa heimild til að neita skráningu hrossa sem bera nöfn eða heiti:

- a) sem samsvara ekki íslenskri málvenju.
- b) orðskrípi og ambögur sem lítilsvirða ísl. hestinn.
- c) auglýsingaheiti.

Komi upp deilumál um hestanöfn getur málnefnd L.H., sem í eru 3 valinkunnir menn úr röðum hestamanna, úrskurðað um heitið og er sá úrskurður endanlegur".

Dingskjal no. 10 til mótanefndar, frá hestamannafélaginu Blæ, Freyfaxa og Geisla.

"Árspaning L.H. 1989 samþykkir eftirfarandi:
Á fjórðungs- og landsmótum eru auglýsingar á hestum, reiðtygjum og knöpum ekki leyfðar".

Dingskjal no. 11 til mótanefndar frá hestamannafélaginu Sleipni.

"Landspaning L.H. haldið að Hótel Örk 22.-28. október 1989 skorar á stjórn L.H. að hefjast handa fyrr með niðurröðun mótaðaga og taka þessi mál fastari tökum".

Dingskjal no. 12 til ferðanefndar, frá hestamannafélaginu Trausta.

"40. Árspaning L.H. haldið á Hótel Örk, Hveragerði dagana 27. og 28. október samþykkir að reiðvegasjóður L.H. greiði viðhald reiðvega um óbyggt land sem mikil hestaumferð liggur um".

Bingskjal no. 13 til laganefndar frá Dómarafélagi L.H.

"40. Ársþing L.H. haldið í Hveragerði samþykkir svohljóðandi viðauka við 4. gr. laga L.H.:

"Dómarafélag L.H. hefur rétt til að senda einn fulltrúa með fullum réttindum á Ársþing L.H. án þess að greiða gjald af félagsmönnum".

Bingskjal no. 14 til allsherjarnefndar frá stjórn L.H.

"40. Ársþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Hveragerði dagana 27. og 28. október 1989 samþykkir að fela stjórn L.H. að skipa 5 manna nefnd til að endurskoða skipulag Landssambandsins. Nefndin skal starfa á milli þinga og leggja niðurstöður sínar fyrir Ársþing 1990".

Bingskjal no. 15 til allsherjarnefndar frá stjórn L.H.

"40. Ársþing L.H. haldið í Hveragerði 27. og 28. október 1989 samþykkir að fela stjórn L.H. að skipa 5 manna nefnd til að skoða framtíðar skipulag stórmóta. Nefndin hafi það hlutverk m.a. að fjalla um tillögur Eyfirðinga þar að lútandi, svo og aðrar þær tillögur sem fram hafa komið eða kynnu að koma fram. Nefnd þessi skili tillögum sínum til næsta Ársþings.

Áfangaskýrsla skal kynnt stjórn L.H. og stjórnnum eyfirsku félaganna eigi síðar en í lok janúar 1990".

Bingskjal no. 16 til gæðinga og unglinganefndar, frá Félagi tamningamanna.

"40. Landsþing L.H. haldið á Hótel Örk í Hveragerði dagana 27. - 28. október 1989 samþykkir:

Breytingartillaga á 5. gr. reglugerðar um gæðingakeppni.

5. grein.

Í gæðingakeppni eru bannaðar allar járningaraðferðir sem ýkja fótaborð, svo og notkun örvandi lyfja. Hóflengd skal vera eðlileg. Eingöngu skulu notaðar venjulegar skeifur, jafnar að lögun, úr smíðajárnsteini. Hámarksþykkt 10 mm. hámarksbreidd 20 mm. 10% frávik leyfilegt. Efnið má ekki vera þyngra en svarar eðlisþyngd venjulegs skeifnajarns. Með skeifum sem eru 8x20 mm. og þar undir, er heimilt að nota botna úr plastefnum, mesta þykkt 7 mm. Einnig er heimilt að nota plastfleyga eða plastfleygbotna mesta þykkt á hæl 11 mm. og mesta þykkt í tá 4 mm. Heimilt er að nota hamp eða sílikon milli botns og hófs. Ekki er heimilt að nota plastbotna, fleyga eða neins konar millilegg undir skeifur sem eru yfir 8x20mm að stærð. Heimilt er að nota hóf- og legghlífar, mesta samanlögð þyngd þeirra 250 gr. á fót. Allt sem ekki er ótvírætt leyft samkvæmt reglum þessum er bannað. Leiki minnsti vafi á lögmæti járningar skal dregið undan hestinum og járning skoðuð. Ef falin þyngd finnst í hófum skal hesti vísað úr keppni".

Næst á dagskrá voru erindi um hrossarækt.
Staða hrossaræktar - hvert stefnir?

Fyrstur flutti Þorkell Bjarnason erindi.

Þorkell hóf mál sitt á því að fjalla um óánægju með störf dómara, sem hann sagði oft stafa af misskilningi, einnig minntist hann á nýju búfjárræktarlögin og þær breytingar sem þau leiða af sér. Taldi hann að fjárhagslega séð yrði dæmið svipað og verið hefur og taldi hann það allgott.

Í nýju lögunum eru einnig skýr ákvæði um útflutning kynbótagripa svo og stofnverndarsjóð. Þá vitnaði hann í grein sína um viljaprófun og taldi hann útkomuna vera svipaða, sama hvaða aðferð væri notuð við viljaprófun. Um einkunnargjafir í hrossadómum taldi Þorkell þá vera of nálægt meðaltalinu þ.e.a.s. dómara væru of vægir við að gefa mjög lakar og mjög háar einkunnir. Einnig fjallaði Þorkell um fjölda sýndra kynbótahrossa á liðnum árum og hlutfall þeirra sem í ættbók fara. Þorkell taldi að ekki væri rétt að breyta mikið vægi dómþátta þannig að betra yrði að bera einkunnir hrossa saman nú og t.d. 10 árum síðar.

Þá ræddi hann um væntanlega verkaskiptingu hjá þeim Kristni Hugasyni, en hann fer í fullt starf sem hrossaræktarráðunautur frá og með 1. janúar 1990. Þorkell taldi brýnt að ljúka byggingu stóðhestastöðvarinnar á sem allra skemmstum tíma.

Næstur tók til máls Kristinn Hugason.

Ræddi hann um kynbótadóma og erfðaframfarir í hrossaræktinni, kynbótagildinga og notkun valdra gripa í ræktuninni. Þá vék hann að skýrslugerð í hrossaræktinni og mikilvægi hennar, einkum folaldaskýrslur og frostmerkingar hrossa. Hann greindi frá því að í framtíðinni verði lögð á það áhersla að kynna kynbótagildismat fyrir hrossaræktendum. Talaði hann um dómstiga kynbótahrossa og endurbætur á honum, mikilvægi þess að samræmi ríki, og að einkunnarskali verði notaður á breiðu sviði. Þá kynnti hann þær kröfur sem gerðar verða til hrossa sem fara á landsmót að vori.

Síðastur talaði Ágúst Sigurðsson um skyldleika hrossa, en hann lauk kandidatsprófi frá Hvanneyri síðast liðið vor, og skrifaði um skyldleika Kirkjubæjarhrossa í ritgerð sinni. Hann sýndi glærur máli sínu til útskýringar.

Að loknum framsöguerindum voru umræður um þau. Þessir tóku til máls: Skúli Kristjánsson, Albert Jóhannsson, Ragnar Tómasson, Kári Arnórsson. Kristinn Hugason svaraði fyrirspurnum og lauk þar með umræðum.

Reiðleiðir kynntar. Ólafur B. Schram flutti erindi um reiðleiðir og útgáfu kortabókar um reiðleiðir. Nefnd hefur unnið að söfnun upplýsinga um reiðleiðir, áningastaði og gístiaðstöðu fyrir hestamenn. Eru þessi gögn nú að koma út, en dræm sala hefur verið á þeim.

Tölvuhestar og alvöruhestar. Jónas Kristjánsson talaði um gagnagrunna í tölvu sem koma mættu að gagni við ættfærslu hrossa og geymdi upplýsingar sem að gagni geta komið varðandi ræktun hrossa. Mönnum til glöggvunar lagði Jónas fram plagg með greinargóðum upplýsingum um Skugga frá Bjarnarnesi. Slíkur gagnabanki mun koma að ómetanlegu gagni. Síðan er auðvelt að bæta við upplýsingum í bankann jafnóðum og þær berast. Í bankann mætti og færa inn upplýsingar um ræktun hrossa í öðrum löndum. Banki sem þessi gæti verið þarft verkfæri fyrir alla hestamenn. Jónas auglýsti nýútkomna bók sína "Heiðajarla" og afhenti Kára Arnórssyni eintak af bókinni sem gjöf til L.H. í tilefni af 40 ára afmæli þess. Kári Arnórsson þakkaði framsögumönnum erindin og Jónasi gjöfina. Var þessu næst þingi frestað til morguns og nefndir hófu störf.

Kl. 10.00 laugardaginn 28. október var fundi fram haldið og gengið til dagskrár.

Álit og afgreiðsla þingmála frá nefndum.

- a. Gæðinga- og unglinganefnd: Framsögumaður Jóhann Þorsteinsson.

Lagði hann fram þingskjal nr. 5 nokkuð breytt frá upphaflegri gerð.

"40. ársþing L.H. samþykkir að sú tilhögun verði á niðurröðun keppenda í A og B flokki gæðinga og í unglingaflokkum á lands- og fjórðungsmótum að framkvæmdanefnd dragi um þau sæti í keppnum sem hverju félagi ber. Enda liggi þá fyrir hjá framkvæmdanefnd viðkomandi móts hverjir keppendur skipi hvert sæti hjá félgainu."

Samþykkt með 33 atkvæðum gegn 11.

Nefndin ræddi síðan reglur um úrslitakeppni í gæðingakeppni og leggur fram breytingar á reglunum svohljóðandi:

A flokkur: Í stað ákvæða um að:

"sýna skuli tölt upp í milliferð tvo hringi til hvorrar handar. Brokk tvo hringi til hvorrar handar komi:

Sýna skal tölt og brokk upp í milliferð 3 hringi til hvorrar handar.

B flokkur: Í stað: Brokk skal riðið með hraðamun tvo hringi til hvorrar handar. Að lokum skal sýna greitt tölt einn hring til hvorrar handar, komi:

Brokk skal riðið með hraðamun einn hring til hvorrar handar. Sýna skal greitt tölt einn hring til hvorrar handar. Að lokum skal sýna hestinn tvo hringi frjálsa aðferð til annarar handar svo hesturinn fái sem best notið sín

Til máls tóku um tillöguna:

Kristbjörg Eyvindsdóttir, Kári Arnórsson sem vitnaði í 18. gr. laganna. Sigfús Guðmundsson, Pétur Jökull Hákonarson og Erling Sigurðsson. Tillagan var því næst borin upp og samþ. samhljóða.

- b. Álit fjárhagsnefndar: Framsögumaður Steingrímur Viktorsson.

Nefndin tók til umfjöllunar Þingskjal nr. 2:
Gerði nefndin tillögur um breytingar á upphaflegu tillögunni þannig að árgjöld hækka úr 350 kr. í 360 kr. hjá unglingum, og úr 700 kr. í 720 kr. hjá fullorðnum. Í gjöldum komi inn nýr liður: Uppbygging Skógarhóla kr. 120.000.-
Tillagan var síðan samþykkt samhljóða með þessum breytingum.

- c. Álit mótanefndar. Framsögumaður Sigfús Guðmundsson.
Þingskjal nr. 9.

Nefndin lagði til breytingu á tillögunni og lagði til eftirfarandi:

"Landsping L.H. haldið að Hótel Örk dagana 27.-28. október beinir því til stjórnar L.H. og allra aðildarféлага að reka áróður meðal hestamanna að þeir noti góð íslensk nöfn á hross sín, en forðist erlend nöfn eða orðskrípi".

Þorkell Bjarnason fagnaði tillögunni og þótti hún tímabær. Pétur Jökull Hákonarson vildi ganga lengra og vildi að mótanefnd hverju sinni gæti neitað að birta í mótaskránni nöfn hesta sem samræmast ekki íslenskri málvenju. Ragnar Tómasson tók í sama streng. Tillaga barst frá Pétri Jökli svohljóðandi:
"Mótshöldurum er skylt að hafna skráningu hesta sem bera erlend nöfn eða orðskrípi". Miklar umræður urðu um tillöguna og sýndist sitt hverjum. Kári Arnórsson lagði til að í stað "skylt" í tillögu Péturs Jökuls komi "heimilt". Tillaga Péturs Jökuls borin upp og var hún felld. Tillaga mótanefndar borin upp og samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 10: Nefndin lagði til að tillagan yrði samþykkt með þeirri breytingu að "í sýningu" bætist við. Samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 11: Nefndin lagði til að tillögunni yrði vísað frá. Samþykkt.

Nefndin ræddi dómaramál og taldi ýmsu ábótavant t.d. mætingu dómara. Taldi nefndin brýnt að Dómarafélagið ráði þar bót á hið fyrsta.

- d. Álit ferðanefndar: Framsögumaður Björn Sigurðsson. Þingskjal nr. 8: Nefndin leggur til að tillögunni verði vísað til þeirra hestamannafélaga sem hlut eiga að máli. Samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 12: Nefndin leggur fram eftirfarandi: "40 ársþing L.H. haldið á Hótel Örk, Hveragerði dagana 27. og 28. okt. 1989 samþykkir að ákveðin hluti reiðvegafjár verði til ráðstöfunar í endurbætur fjölfarinna reiðleiða um óbyggt land. Úthlutunarnefnd reiðvegafjár meti slíkt hverju sinni eftir ábendingum og umsóknum". Til máls tóku: Gunnar B. Gunnarsson, Kári Arnórsson, Guðmundur Sigurðsson, Marinó Hákonarson. Tillagan samþykkt samhljóða.

Nefndin ræddi störf ferðanefndar L.H. og var eftirfarandi samþykkt: Þarna er þegar orðinn verulegur árangur og þörf á skipulegu áframhaldi. Því er beint til stjórnar einstakra hestamannafélaga að unnið verði að kynningu á leiðarlýsingum og kortaútgáfu sem þegar eru útkomnar.

- e. Álit fræðslunefndar: Framsögumaður, Guðrún Fjendsted. Þingskjal nr. 3: Nefndin lagði það fram óbreytt og var það samþykkt samhljóða.

Nefndin leggur auk þess til eftirfarandi tillögu: "L.H. verji árlega álitlegri fjárhæð til kaupa á fræðsluefni bæði erlendu og innlendu, bókum og myndböndum sem yrðu vísir af safni, fræðsluefnis sem félög og einstaklingar gætu nýtt sér". Kári Arnórsson tók til máls og lýsti ánægju sinni með störf nefndarinnar en taldi þó að þessi tillaga hefði einnig þurft að berast til fjárhagsnefndar vegna fjárútláta sem ekki var gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Tillagan upplesin og samþykkt samhljóða.

- f. Álit allsherjarnefndar: Framsögumaður, Stefán Pálsson. Lagði nefndin til breytingu við þingskjal nr. 7:

"40. ársþing L.H. beinir því til stjórnar L.H. og stjórn hestamannafélaga að vinna að því að ríki og sveitarfélög styðji með sama hætti við byggingu íþróttamannvirkja hestamannafélaga og annarra íþróttafélaga í landinu".
Samþykkt samhljóða.

Nefndin lagði fram nýtt þingskjal um málefni Reiðhallarinnar:

"Ársþingið harmar hversu illa er komið í málefnum Reiðhallarinnar sem markaði afgerandi þáttaskil í sýninga og skólahaldi hestamanna. Þingið felur stjórn L.H. að leita eftir samstarfi við ríki og borg um yfirtöku á Reiðhöllinni. Þannig að hún verði nýtt í þágu hestamanna og hugsanlega til annarra þátta sem samrýmast þeirri starfsemi".

Til máls um tillöguna tóku: Skúli Kristjónsson, Kristmundur Halldórsson, Kári Arnórsson, Pétur Behrens. Voru ræðumenn sammála tillögunni. Tillagan var því næst borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 4. Nefndin leggur þingskjalið fram með breytingum:

"40. ársþing 1989 beinir því til stjórnar L.H. að settar verði strangar reglur um hrossaflutninga og aðbúnað hrossa í flutningi. Útbúinn verði staðall um búnað og gerð þeirra flutningavagna og bifreiða sem notaðir eru til hrossaflutninga. Að öðru leyti sé framfylgt þeim reglum sem fyrir eru".
Tillagan upplesin og samþykkt.

Jón Hermannsson gerði grein fyrir atkvæði sínu. Taldi hann hér farið inn á viðsjárverða braut laga og reglna. Þessar reglur myndu leiða af sér miklar og dýrar endurbætur á hestakerrum.

Þingskjöl nr. 14 og 15: Nefndin leggur fram nýja tillögu í stað þeirra á þingskjölum 14 og 15 svohljóðandi:

"40 ársþing 1989 felur stjórn L.H. að skipa þær nefndir sem um er rætt í samkomulagi því sem staðfest hefur verið milli stjórnar L.H. og eyfirskra hestamanna".
Tillagan upplesin og samþykkt samhljóða.

g. Álit laganeftdar: Framsögumaður Ragnar Tómasson.

Þingskjal nr. 13, lagt fram óbreytt.

Nefndin leggur auk þess fram eftirfarandi tillögu:

"Ársþing L.H. samþykkir að stjórnarmenn og framkvæmdastjóri L.H. hafi full þingréttindi á ársþingum L.H. Sama rétt hafi formaður íþróttaráðs L.H.".

Til máls toku: Birgir Gunnarsson og Kári Arnórsson.
Tillaga á þingskjali nr. 13 borin undir atkvæði.
Samþykkir voru 38 og á móti 28. Þar sem hér er um
tillögu um lagabreytingu að ræða fellur þessi tillaga.

Seinni tillaga laganeftndar borin upp og felld með
þorra greiddra atkvæða.

- h. Álit kynbótanefndar: Framsögumaður, Haraldur Sveinsson.
Nefndin tók til umfjöllunar þingskjal nr. 6 og setti
auk þess fram 3 aðrar tillögur:

Tillögur nefndarinnar eru eftirfarandi:

Tillaga vegna þingskjals nr. 6.

- 1) "40 ársþing L.H. samþykkir að vísa tillögunni til
Hrossaræktarsambands Íslands. Þá samþykkir þingið
að beina þeirri ósk til Búnaðarfélags Íslands að
það birti árlega árangur fyljunar yfir þá stóðhesta
sem koma til skráningar hjá félaginu".
Samþykkt samhljóða.

Aðrar tillögur nefndarinnar eru:

- 2) "40 ársþing L.H. haldið í Hveragerði 27. og 28. okt.
1989 telur það með öllu óviðunandi að fleira en eitt
númerakerfi sé í gangi á kynbótahrossum í landinu.
Ef slíkt viðgengst getur það valdið verulegum ruglingi
og til mikils óhagræðis fyrir þá sem stunda hrossa-
rækt.

Skorar þingið á Búnaðarfélag Íslands að sjá til þess
að slíkt viðgangist ekki og að einungis verði leyft
það númerakerfi sem félagið viðurkennir".

Til máls um tillöguna tóku:

Gísli B. Björnsson, Pétur Behrens, Jónas Kristjánsson
(eftir að þingforseti hafði leitað samþykkis þingsins)
Kári Arnórsson, Þorkell Bjarnason, Eggert Pálsson,
Kristinn Hugason, Skúli Kristjánsson.

Eftir þessar umræður, þar sem skoðanir voru mjög
skiptar, var tillagan upplesin og samþykkt.

- 3) "40 ársþing L.H. haldið í Hveragerði 27. og 28. okt.
1989 skorar á landbúnaðarráðherra að tryggja nægilegt
fjármagn til þess að unnt sé að ljúka byggingu Stóð-
hestastöðvar ríkisins á næsta ári".
Tillagan upplesin og samþykkt.

- 4) "40 ársþing L.H. haldið í Hveragerði 27. og 28. okt.
1989 samþykkir að beina því mjög eindregið til Búnaðar-
félags Íslands að L.H. eigi áfram tvo fulltrúa í
hrossaræktarnefnd Búnaðarfélagsins eins og það hefur
átt í sýningarnefnd".
Tillagan upplesin og samþykkt samhljóða.

Þá var lokið afgreiðslu nefndarálita.

Elsa Magnúsdóttir frá Sörla færði L.H. að gjöf frá hesta-
mannafélaginu Sörla tvö myndbönd sem nýkomin eru út og
fjalla um tamningar. Form. L.H. þakkaði gjöfina.

Kaffihlé.

Kosningar:

1. Kosning varaformanns:

Kosningu hlaut:	Skúli Kristjónsson	90 atkvæði.
Aðrir:	Viðar Halldórsson	2 atkvæði.
	Ýmsir	1 atkvæði hver.

2. Kosning meðstjórnenda:

Kári Arnórsson kom með uppástungu um þá Guðmund Jónsson og Gunnar B. Gunnarsson, en þeir sátu báðir í stjórn s.l. starfsár.

Kosningu hlutu:	Gunnar B. Gunnarsson	89 atkvæði.
	Guðmundur Jónsson	88 atkvæði.
	auðir og ógildir	4 seðlar.

3. Kosning varastjórnar:

Kosningu hlutu:	Ingimar Ingimarsson	81 atkvæði
	Sigfús Guðmundsson	72 atkvæði
	Elísabet Þórólfsd.	77 atkvæði
	Sigbjörn Björnsson	65 atkvæði
	Kristmundur Halldórs.	40 atkvæði

Næstir komu:	Hreinn Árnason	25 atkvæði
	Guðrún Fjeldsted	10 atkvæði
	Högni Bæringsson	8 atkvæði
	Pjetur N. Pjeturss.	7 atkvæði
	Marteinn Valdimarss.	4 atkvæði

4. Kosning endurskoðenda:

Þeir Gísli B. Björnsson og Þorvaldur Þorvaldsson voru endurkjörnir með lófataki.

Sigurður Sigmundsson færði L.H. bókina "Hestaheilsa" að gjöf frá Eiðföxa h.f. Þakkaði formaður gjöfina.

Birgir Gunnarsson kom í ræðustól og þakkaði hestamannafélaginu Ljúf fyrir gott og ánægjulegt þing.

Þingforseti gaf þá formanni Kára Arnórssyni orðið. Þakkaði hann starfsmönnum þingsins þeirra störf svo og hestamannafélaginu Ljúf fyrir gott þing.

Til næsta þings verður boðað á Húsavík í boði hestamannafélaganna Þjálfar og Grana.

Að lokum þakkaði hann þingfulltrúum góða fundarsetu og óskaði mönnum góðrar heimferðar og sleit þingi.

Kristján Gíslason (sign.)